

7. fundur vetrarstarfsins var haldinn mánudaginn 12. mars 2018 í Setbergsskóla Hafnarfirði

Ingibjörg Einarsdóttir formaður bauð félagskonur og gesti þeirra velkomna, setti fundinn, minntist einkunnarorðanna vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar og kveikti á kertunum þremur. María Pálmadóttir tók manntal og voru 25 konur deildarinnar mættar: *Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Jóna Jónsdóttir, Edda Pétursdóttir, Elín Ólafsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Hanna Halldóra Leifsdóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Jónsdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Renata Emilsson Peskova, Sigríður Jónsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir.*

Gestir á fundinum voru 17 konur frá 5 mismunandi deildum: Alfadeild, Epsilondeild, Etadeild, Kappadeild og Lambadeild.

Gestir:

Ingibjörg Þorleifsdóttir, formaður Epsilondeild
Sigrún Klara Hannesdóttir Alfadeild
Guðbjörg Gunnarsdóttir Etadeild
Bryndís Guðmundsdóttir formaður í Etadeild
?????.....Kappadeild
Linda Hrönn Kappadeild
Gerður Magnúsdóttir, formaður Lambadeildar
Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, Etadeild
Ingibjörg Elsa Alfadeild
Ragnhildur Björk, Etadeild
Iðunn, Lambadeild
Sigrún Jóhannesdóttir, Deltadeild
Guðrún Edda Kappadeild
Elínborg Sigurðardóttir, Epsilondeild
Sigríður Guttormsdóttir, Epsilondeild
Rósa Marta Guðnadóttir, Epsilondeild
Margrét Guðmundsdóttir, Epsilondeild

Því næst rifjaði María Pálmadóttir upp markmið samtakanna og Edda Pétursdóttir ritari las fundargerð síðasta fundar.

Bryndís Jóna Jónsdóttir flutti orð til umhugsunar og var henni efst í huga velferð og vellíðan í skólastarfi. Henni er umhugað um mannauðinn og hvernig hann sé nærður til þess að viðahalda neistanum sem þar er. Með starfsreynslu á öllum skólastigum í yfir 20 ár þá hefur hún lært að allt það sem við innleiðum í skólastarf þá þarf að huga að öllu starfsfólki jafnt, ekki einungis nemendum, heldur kennurum líka sem og öðru starfsfólki. Vellíðan allra skiptir máli. Sjálf beitir hún því sem kallað er jákvæð sálfræði og inni í því er t.a.m. núvitundin. Nýtt orð yfir það sem við þekkjum og felst í því að njóta staðar og stundar án áreita. Það skiptir máli að geta kúplað sig út og viðurkennt

að hvíld skiptir máli. Hver og ein skiptir máli fyrir heildina og því er nauðsynlegt að hlúa að okkur sjálfum og næra.

Ingibjörg formaður tók undir að einmitt hér í kvöld værum við að næra okkur og bauð gest fundarins Önnu Kristínu Sigurðardóttur, dósent við Menntavísindasvið HÍ og félagskonu í Kappadeild velkomna. Hennar fyrirlestur bar yfirskriftina: Kennarinn sem þátttakandi í lærdómssamfélagi. Sérsvið hennar er stjórnun og forysta og var fjallaði doktorsverkefnið hennar um lærdómssamfélagið. Hún nefndi að það væri margt sem stuðlaði að árangri nemenda. Margir hlekkir sem saman mynduðu öfluga keðju. Það er ekki bara kennarinn sem kann og getur, heldur margir þættir innan skólans sem þurfa að spila saman. Hlekkirnir eru stjórnun og forysta, faglegt námssamfélag, kennari og kennsluhættir. Auk þess eru margir þættir utan skólans sem hafa áhrif, s.s. skólayfirvöld, samfélagið, önnur skólastig, samstarf við aðra skóla innlenda og erlenda, innlent og alþjóðlegt fræðasamfélag, fagfélög kennara og fleira. Anna Kristín talaði um að lykilatriði í að stuðla að umbótum í skólastarfi væri að styrkja innri hæfni til stöðugra breytinga, beita gagnrýninni ígrundun í daglegu starfi og byggja ákvarðanir á gögnum/upplýsingum. Lærdómssamfélag er starfspróun að hennar mati, námsferli sem fer fram í hóp og er stöðugt hringferli sem má lýsa með breytingum á framkvæmd, ígrundun í daglegu starfi, ný þekking sem verður til og síðan fer fram mat á ferlinu og markmiðum og þá er komið að nýrri nálgun og þannig heldur hringferlið áfram í nýjan hring. Auk þess þarf að koma til gangkvæmur stuðningur þeirra sem vinna í lærdómssamfélaginu og gagnrýnin umræða.

En hvernig þekkjum við lærdómssamfélag spurði hún. Til þess getum við skoðað gildi þess sem eru m.a. að:

- allir nemendur hafa rétt á að ná framförum
- það er í lagi að gera mistök
- það má alltaf gera gott betra
- hvatning og stuðningur til að leita nýrra leiða er virk
- þekkingarsköpun í fyrirrúmi – það er s.s. í lagi að finna upp hjólið
- geta haft áhrif á starf sitt
- hafa hlutlæg gögn sem greina framfarir nemenda
- það sé vilji til samstarfs.

Þá talaði hún um að samstarf sé ekki sama og samstarf og að markmiðið sé að það stuðli að bættum árangri. Veikt samstarf skilar aldrei árangri en sterkt samstarf gæti jafnvel verið verra ef það snýst ekki um réttu hlutina. Til að samstarf skili árangri þarf *gagnrýnin hugsun, ígrundun í gögn og sameiginleg ábyrgð* að vera til staðar. Að lokum talaði hún um að mikilvægt væri að styrkja faglega samræðu og rjúfa einangrun í starfi.

Svana, Björg og Sirrý komu með meðlæti með kaffinu ásamt stjórnarkonum.

Umræður héldu áfram eftir kaffið og þar kom fram sú skoðun að kennarar gerðu miklar kröfur til sín og væru duglegir að sinna ýmsu þróunarstarfi eða átaksverkefnum. Aftur á móti vildi það brenna við að botninn detti út þegar styrkurinn til verkefnisins sé uppurinn og verkefninu því ekki fylgt eftir. Og gagnrýnin rödd utan frá, t.a.m. í formi skoðunar eða rannsóknar væri bæði stuðningur og hvatning.

Ingibjörg formaður hvatti konur til þátttöku á vorþingi á Egilsstöðum þar sem þemað verður sköpun og færði Önnu Kristínu rós.

Ingibjörg Jónasdóttir, minnti á breytingar á lögum samtakanna sem eru að finn á innri síðu samtakann. Númerið til að komast inn á síðuna er á spjaldinu sem er kvittun þess að þið hafið greitt árgjaldið. Hún hvetur okkur til þess að vera virkar, skoða síðuna, og hafa skoðun á lagabreytingunum.

Sungið var kvæðið um fuglana og fundi slitið með hefðbundnum hætti og á meðan reykur kertanna þriggja liðaðist í loft upp þá fóru félagskonur og gestir þeirra að tygja sig til heimfarar.

Fundargerð ritaði Edda Pétursdóttir.